

issjóð Íslands, og komi 20 daga varðhald í stað sektar, verði hún eigi greidd inna 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Þá ber að gera upptækan allan afla og veiðarfæri um borð í m/b Heimaey, og skal andvirðið renna í Landhelgissjóð Íslands.

Ákærði greiði allan sakarkostnað vegna máls þessa, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Jóns Hjaltasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 8.000.00.

Dómsorð:

Ákærði, Sigurður Georgsson, greiði kr. 50.000.00 í sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi 20 daga varðhald í stað sektar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa. Allur afli og öll veiðarfæri um borð í m/b Heimaey, VE 1, skulu gerð upptæk og andvirðið renna í Landhelgissjóð Íslands.

Ákærði greiði allan sakarkostnað vegna máls þessa, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Jóns Hjaltasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 8.000.00.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 7. marz 1973.

Nr. 127/1972: Ólafur Björnsson f. h. Skóvals
(Þorsteinn Júlíusson hrl.)

gegn

Magnúsi Thorlacius
f. h. Chaussures Clerget
og gagnsök
(Magnús Thorlacius hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Ómerking. Heimvísun. Fjárnámsgerð úr gildi felld.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi áfrýjaði máli þessu upphaflega með stefnu 15. marz 1972, að fengnu áfrýjunarleyfi 10. s. m. Útivistardómur gekk í því máli 2. október 1972. Aðaláfrýjandi á-

frýjaði málinu af nýju með stefnu 9. október 1972 samkvæmt heimild í 36. gr. laga nr. 57/1962. Krefst hann aðallega sýknu af öllum kröfum gagnáfrýjanda, en til vara, að honum verði aðeins dæmt að greiða gagnáfrýjanda jafnvirði \$ 1.500.34 „á því gengi, er gildi og íslensk króna var skráð á gagnvart bandaríkjadollar h. 30. og 31. ágúst 1967“. Þá krefst aðaláfrýjandi þess, að fellt verði úr gildi fjárnám, sem gagnáfrýjandi lét fram fara í eignum aðaláfrýjanda 6. desember 1971 til tryggingar hinum dæmdu fjárhæðum. Að lokum krefst aðaláfrýjandi málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjanda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 26. október 1972. Krefst hann þess, að hinn áfrýjaði dómur og fjárnámssgerð verði staðfest og aðaláfrýjanda dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Eftir uppsögu héraðsdóms hefur aðaláfrýjandi lagt fram ýmis bréfaskipti varðandi efni máls þessa.

Málsvörn aðaláfrýjanda er á því reist, að af hálfu gagnáfrýjanda hafi verið hlutast til um það, að Austurbæjarútibú Landsbanka Íslands aflaði brunatjónsvottorðs hjá H/f Eimskipafélagi Íslands, eftir að vörusending sú, sem í málinu greinir, brann aðfararnótt 31. ágúst 1967. Hafi H/f Eimskipafélagi Íslands verið afhent annað frumrit farmskírteinis yfir vörurnar gegn afhendingu brunatjónsvottorðsins. Brunatjónsvottorðið ásamt hinu frumriti farmskírteinisins og öðrum vöruskjölum hafi síðan verið sent viðskiptabanka gagnáfrýjanda í Frakklandi. Hafi þetta verið í því skyni gert, að gagnáfrýjandi fengi greiddar váttryggingarbætur hjá váttryggingafélagi því, sem váttrygt hafði vörurnar sjóváttryggingu. Þessar ráðstafanir gagnáfrýjanda hafi hins vegar staðið því í vegi, að aðaláfrýjandi gæti heimt váttryggingarbætur fyrir vörurnar og hann greiddi gagnáfrýjanda andvirði þeirra. Gagnáfrýjandi hefur engar skýrslur gefið um málsatvik, þar á meðal um það, hvort það var að kröfu hans, að farmskírteini og önnur vöruskjöl ásamt brunatjónsvottorði voru send til Frakklands í nóvembermánuði 1967, og ef svo var, í hvaða skyni þetta var gert. Þá skortir og skýrslu gagnáfrýjanda

um það, hvort og þá hverjar orðsendingar fóru milli aðilja af þessu tilefni og hverjar ráðstafanir gagnáfrýjandi gerði til að innheimta kaupverð vörunnar hjá aðaláfrýjanda.

Af hendi aðaláfrýjanda hafa ekki komið fram glöggar skýrslur um það, hvort gagnáfrýjandi hafi átt bréfaskipti við hann um mál þessi á árinu 1967 eða síðar, og um það, hverjar tilraunir hann gerði til að greiða vörunnar í Austurbæjarútibúi Landsbanka Íslands eftir brunann.

Þar sem gagnaöflun og reifun málsins er áfátt, þykir verða að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og meðferð málsins í héraði frá og með þinghaldi 22. september 1972 og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar af nýju.

Eftir þessum málalokum ber að fella úr gildi hina áfrýjuðu fjárnámsgerð.

Rétt er eftir atvikum, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur og meðferð málsins frá og með þinghaldi 22. september 1972 eiga að vera ómerk, og er málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar af nýju.

Hin áfrýjaða fjárnámsgerð er felld úr gildi.

Málskostnaður fyrir Hæstarétt fellur niður.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 24. september 1971.

Mál þetta, sem tekið var til dóms hinn 22. þ. m., hefur Magnús Thorlacius hæstaréttarlögmaður höfðað f. h. hins franska firma Chaussures Clerget með stefn, birtri hinn 21. apríl 1970, á hendur Ólafi Björnssyni f. h. firmans Skóvals, Austurstræti 18 hér í borg, til greiðslu á skuld að fjárhæð \$ 1.500.34 með 12% ársvöxtum frá 20. marz 1967 til greiðsludags auk málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi hefur krafizt sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans að mati dómsins.

Við munnlegan flutning málsins var sú krafa höfð uppi til vara, að krafa stefnanda verði aðeins tekin til greina miðað við það gengi, er gildi og íslensk króna var skráð á gagnvart bandaríkjadollar þann dag, sem tjónið varð, þ. e. 30. og 31. ágúst 1967. Þá

var þess og krafizt, að stefnandi verði dæmdur til að greiða stefnda málskostnað.

Málavextir eru þeir, að á árinu 1966 pantaði stefndi skófatn- að hjá hinu franska firma Chaussures Clerget, er skyldi afgreidd- ur fyrri hluta árs 1967. Vörurnar komu til landsins með m/s Mánafossi hinn 16. apríl 1967 og voru geymdar í vörugeymslu Eimskipafélags Íslands í Borgarskála. Nam söluverð varanna \$ 1.415.05, en við þá fjárhæð bættist flutningskostnaður og trygg- ingarkostnaður, \$ 85.29, og nam heildarfjárhæð vörureiknings því \$ 1.500.34. Skjöl varðandi vörusendinguna voru send Landsbanka Íslands, Laugavegi 77 hér í borg, og skyldi andvirði vörunnar ásamt kostnaði greiðast gegn afhendingu heimildarskjala (cash against documents). Þann 30. og 31. ágúst 1967 brunnu vöru- geymslur H/f Eimskipafélags Íslands í Borgarskála til kaldra kola og þar með umrædd vörusending, en stefndi hafði þá eigi innt af hendi greiðslu hennar í bankanum. Með bréfi, dags. 13. september 1967, spurðist franskir bankinn Crédit Lyonnais fyrir um innheimtu andvirðis vörusendingarinnar hjá Landsbanka Ís- lands. Í bréfi Landsbanka Íslands, dags. 20. september 1967, er frá því skýrt, að samkvæmt upplýsingum frá viðkomandi skipa- félagi muni umrædd vörusending hafa geryðilagzt í eldi, er vörugeymsla skipafélagsins brann. Er í bréfinu jafnframt óskað eftir fyrirmælum um, hvað gera skuli við skjöl varðandi vöru- sendinguna. Kemur fram í bréfinu, að vörusendingin hafi verið tryggð af stefnda og lofi hann greiðslu, eins fljótt og mögulegt er. Í svarbréfi hins franska banka, dags. 3. október 1967, er óskað eftir því, að Landsbanki Íslands haldi skjölunum, á meðan beðið sé endanlegra fyrirmæla frá hinum franska banka, og er jafn- framt tekið fram, að ekki megi undir neinum kringumstæðum afhenda skjölin án þess að fá greiðslu. Með bréfi, dags. hinn 12. október 1967, óskaði hinn franskir banki eftir því, að Landsbanki Íslands léti í té, eins fljótt og unnt væri, staðfestingu á tjóni því, sem orðið hefði á umræddum vörum í Reykjavík. Var jafnframt tekið fram, að Landsbanki Íslands skyldi halda skjölum varðandi vörusendingu þessa enn um sinn og bíða endanlegra fyrirmæla, og skyldu skjölin ekki undir neinum kringumstæðum afhent án greiðslu. Með bréfi, dags. hinn 8. nóvember 1967, skýrði Lands- banki Íslands hinum franska banka frá því, að skipafélagið mundi aðeins gefa út brunavottorð um vörusendingu þessa gegn afhend- ingu á frumfarmbréfi. Var jafnframt óskað eftir fyrirmælum um það, hvort Landsbanki Íslands skyldi afhenda eintak af frum-

farmbréfi í skiptum fyrir brunavottorð um vörurnar frá skipafélaginu. Jafnframt var óskað eftir fyrirmælum um, hvað gera skyldi við skjöl varðandi vörusendingu þessa. Með svarbréfi hins franska banka, dags. 14. nóvember 1967, var Landsbanka Íslands veitt heimild til að láta af hendi eitt eintak, annað af tveimur, af frumriti af farmskírteininu í skiptum fyrir brunavottorð, sem senda skyldi franska bankanum ásamt því, sem eftir væri af gögnum varðandi vörusendinguna, og yrði málið þá að fullu afgreitt, að því er varðaði Landsbanka Íslands. Með bréfi, dags. 27. nóvember 1967, sendi Landsbanki Íslands hinum franska banka gögn þau, sem borizt höfðu með bréfi franska bankans frá 14. nóvember 1967, og jafnframt brunavottorð.

Stefndi hefur skýrt svo frá, að þann 30. og 31. ágúst 1967 hafi hluti vörugeymslu Eimskipafélags Íslands í Borgarskála brunnið til kaldra kola. Kveðst hann hafa átt ýmsar vörusendingar í vörugeimslum þessum. Strax hinn 31. ágúst kveðst stefndi hafa farið að reyna að fá upplýst, hvað af vörusendingunum, sem hann átti þarna, hafi verið í vörugeimslum þeim, sem brunnu. Þá hafi komið í ljós, að tjón á vörusendingum til hans hafi orðið mikið við brunann. Fram hafi komið, að hann hafi átt tvær vörusendingar í vöruskálanum frá hinu franska firma, og hafi komið í ljós, að önnur vörusendingin hafi verið í skálum þeim, sem brunnu, og hafi það verið vörusending sú, sem krafði er um greiðslu fyrir í máli þessu. Stefndi kveðst hafa pantað þessar vörur í Düsseldorf í októbermánuði 1966 með 6 mánaða fyrirvara, þannig að miðað hafi verið við það, að vörusendingin kæmi til landsins með vorinu, og hafi hún komið hinn 16. apríl 1967. Stefndi kveður greiðslukjör hafa verið þau, að vörusendingin hafi átt að greiðast í Landsbanka Íslands gegn afhendingu á „orginalvöru-reikningi“ og „orginalfarmbréfi“, sem hann hafi átt að fá til að geta fengið vöruna tollafgreidda hér. Stefndi kveðst hafa fengið tilkynningu frá Landsbanka Íslands varðandi vörusendingu þessa, en ekki kveðst hann muna, hvenær það hafi verið. Hann kveður það venjulega ekki taka langan tíma, frá því varan er komin og þar til tilkynning um það berst frá bankanum. Stefndi kveður það svo, að þegar um sé að ræða greiðslufyrirkomulag, eins og hér var, þá sé varan stundum ekki greidd fyrr en eftir nokkurn tíma, t. d. 10 daga, 60 daga eða jafnvel 90 daga. Kveðst stefndi telja það algerlega á sína ábyrgð, hvort hann innleysi pappíra fyrir eða seinna. Kveður hann hina vörusendinguna frá franska firm-
anu, sem komið hafi til landsins hinn 15. marz 1967 og hafi ekki

brunnið, ekki hafa verið greidda fyrr en eftir brunann. Stefndi kveður ekki ósennilegt, að hann hafi verið búinn að fá tilkynningu frá Landsbanka Íslands um ítrekun og innheimtutilkynningu, sem þá hafi legið fyrir í bankanum, en stefndi kveðst telja það matsatriði, hversu mikil krafa felizt í slíku. Eftir að hann var búinn að vinna að því að upplýsa, hvað af vörusendingum, sem hann átti hjá Eimskipafélagi Íslands, hafi brunnið, kveðst stefndi hafa gefið Almennum tryggingum upp áætlun um það, að í bruna þessum hefðu eyðilagzt vörusendingar til sín að fjárhæð milli kr. 500.000.00—1.000.000.00. Kveðst hann hafa haft hjá Almennum tryggingum h/f tryggingu að fjárhæð kr. 1 milljón til að tryggja vörusendingar til sín í skálum skipafélaganna í Reykjavík gegn bruna. Kveðst hann hafa talið, að vörusending sú, sem fjallað er um í máli þessu, mundi falla þar undir. Á meðan hann var að upplýsa fullkomlega, hvaða vörusendingar til sín hafi brunnið, kveður stefndi, að hringt hafi verið til sín frá innheimtudeild Austurbæjarútibús Landsbanka Íslands og sér tilkynnt, að tvær af vörusendingum þeim, sem brunnið höfðu, féllu undir tryggingu erlendis. Hafi önnur vörusendingin verið vörusending sú, sem fjallað er um í máli þessu. Kveður stefndi starfsmann Landsbankans, sem hringt hafi í sig, hafa tilkynnt sér, að skjöl fyrir þessar vörusendingar, sem í bankanum voru, þyrfti að senda til viðkomandi aðilja erlendis, og jafnframt hafi hann óskað eftir því, að stefndi aflaði brunavottorða fyrir þessar tvær sendingar hjá Eimskipafélagi Íslands. Stefndi kveðst hafa aflað brunavottorðanna, sem gefin hafi verið út í einu frumriti og einu afriti, og afhent frumrit þeirra innheimtudeild Austurbæjarútibús Landsbanka Íslands. Kveður hann brunavottorðin nauðsynleg, til þess að unnt sé að fá svona tjón bætt, hvort sem það er hérlendis eða erlendis. Eftir þetta kveðst stefndi hafa tilkynnt Almennum tryggingum með bréfi, að tjón af vörusendingu þeirri, sem getið er um í máli þessu og varðaði sig, væri uppskipunargjald, vörugjald og smávegis erlendur kostnaður, sem fallið hafði á vöruna á leiðinni og var innheimtur hjá Eimskipafélagi Íslands. Kveður stefndi Almennar tryggingar hafa bætt sér fjárhæðir þessar að fullu. Kveðst stefndi hafa skýrt Almennum tryggingum frá því, að fjárhæð umræddrar vörusendingar hafi verið greidd af tryggingafélagi erlendis, og kveðst hann hafa byggt þetta á því, að hann hafði afhent Landsbanka Íslands brunavottorð um greinda vörusendingu, sem starfsmaður bankans hafi verið búinn að biðja um, en brunavottorð sé aðalgagnið ásamt „orginalpappírur“ til að

fá tjón sitt bætt. Kveðst stefndi því hafa talið sig lausan allra mála. Kveðst stefndi ekki hafa haft ástæðu til annars en að álíta, að þessu væri svona farið samkvæmt því, sem starfsmaður Landsbankans hafi sagt sér, en hann hafi haft umsjón allra gagna, en stefndi kveðst sjálfur ekki hafa haft neitt í höndunum. Stefndi kveðst telja það mjög sennilegt, að hann hafi lofað greiðslu á vörusendingunni, svo fljótt sem hægt væri, en málið hefði snúizt við með því, sem hafi komið fram um brunann síðar. Stefndi kveðst ekki hafa fengið afhent „orginalframskírteini“, um leið og hann afhenti Landsbanka Íslands brunavottorð fyrir vöruna, og kveðst aldrei hafa átt þess kost.

Sólon Sigurðsson, deildarstjóri í innheimtudeild Landsbanka Íslands að Laugavegi 77 hér í borg, hefur skýrt svo frá, að hann hafi í starfi sínu haft afskipti af máli því, sem fjallað er um hér. Vitnið kveður skjöl varðandi umrædda vörusendingu hafa borizt Landsbanka Íslands í tvennu lagi. Í fyrri skjalasendingunni hafi verið einn sýningarvixill, vörureikningur, tryggingarskírteini, vigtarseðill og annað frumrit farmskírteinis af tveimur. En í síðari skjalasendingunni hafi verið vörureikningur, afrit af tryggingarskírteini, vigtarseðill og hitt frumrit farmskírteinis. Sólon kveður Eimskipafélag Íslands hafa talið, að vörur þær, sem fjallað er um, hafi eyðilagzt í bruna í vörugeymslu félagsins. Kveður hann það hafa komið fram í símtali, sem hann hafi átt við stefnda, að stefndi hefði sjálfur vátryggt vörusendinguna hjá Almennum tryggum og að hann mundi greiða vöruna, þegar hann væri búinn að fá tjónbætur fyrir vöruna greidda hjá tryggingafélaginu. Sólon kveður fyrirmæli hafa komið fram frá hinum franska banka Crédit Lyonnais að láta málið bíða, þar til frekari fyrirmæli kæmu. En með bréfi, dags. hinn 12. október, hafi franskur bankinn óskað eftir því, að aflað yrði brunavottorðs fyrir vöruna hjá Eimskipafélagi Íslands. Kveður Sólon þessu bréfi hafa verið svarað með bréfi, dags. 8. nóvember, þar sem skýrt hafi verið frá því, að Eimskipafélag Íslands léti slíkt brunavottorð ekki í té nema gegn frumriti farmskírteinis. Kveður vitnið jafnframt hafa verið spurzt fyrir um það, hvort heimilt væri að afhenda Eimskipafélagi Íslands frumrit af farmskírteini gegn brunavottorði og hvað Landsbanki Íslands ætti að gera við önnur skjöl varðandi vörusendinguna. Vitnið kveður bréfi þessu hafa verið svarað með bréfi, dags. 16. nóvember, þar sem Landsbanka Íslands hafi verið veitt heimild til að afhenda Eimskipafélagi Íslands annað frumrit farmskírteinis af tveimur, sem gefið hafi verið út, gegn brunavottorði fyrir

vöruna, er senda skyldi til hins franska banka ásamt öllum öðrum skjölum varðandi vörusendingu þessa. Þegar bréf þetta barst, kveður vitnið Eimskipafélagi Íslands hafa verið skrifað og óskað eftir brunavottorði fyrir vöruna gegn frumriti farmskírteinis, sem sent hafi verið með. Kveður vitnið brunavottorðið hafa borizt frá Eimskipafélaginu og hafi það síðan verið sent hinum franska banka ásamt öðrum skjölum tilheyrandi vörusendingu þessari, þ. á. m. öðru eintaki af frumriti farmskírteinis.

Krafa stefnanda er byggð á því, að stefndi hafi pantað umræddar vörur og hafi þær verið afgreiddar í samræmi við þá pöntun og sendar til Íslands. Skjöl varðandi vörusendinguna hafi verið send Landsbanka Íslands, Austurbæjarútibúi, að beiðni stefnda. Er því haldið fram, að stefndi hafi ekki greitt vöruna í Landsbanka Íslands þrátt fyrir kröfu bankans og hafi vörusendingin verið á ábyrgð stefnda samkvæmt 17. gr., sbr. 10. gr. laga nr. 39/1922, er hún brann. Af hálfu stefnanda er á það bent, að trygging sú, sem hann keypti, áður en varan var send til Íslands, hafi verið flutningstrygging og hafi tryggingartímabil hennar verið löngu liðið, er vörusendingin brann.

Sýknukrafa stefnda er á því byggð, að stefndi hafi ekki verið krafinn um greiðslu á andvirði vörusendingarinnar fram að þeim tíma, er umræddur brunni varð og varan fórst. Hins vegar hafi stefndi lofað greiðslu, eftir að bruninn varð, enda fengi hann fullnægjandi skjöl til að fá bætur frá tryggingafélagi sínu, Almennum tryggingum h/f. Er því haldið fram, að stefndi hafi gert ítrekaðar tilraunir til þess að fá skjöl afhent úr banka, er snertu umrædda vörusendingu, í þessu skyni, en hann hafi hins vegar fengið svör hjá bankanum, að varan væri tryggð erlendis og skjölin mundu verða endursend þangað, til þess að hægt væri að krefja hið erlenda tryggingafélag um greiðslu bóta. Því hafi stefnda eigi verið unnt að fá greiddar bætur frá Almennum tryggingum hér, þar sem öll skjöl ásamt brunavottorði höfðu verið endursend banka í Frakklandi eða stefnanda.

Er því og haldið fram, að ef stefnandi hafi átt gjaldfallna kröfu, frá því varan kom og þar til bruninn varð, þá sé sú krafa fallin niður, þar sem neitað hafi verið viðtöku greiðslu og stefnandi hafi látið endursenda til Frakklands öll skjöl varðandi sendinguna.

Af hálfu stefnda er og haldið fram, að frumfarmbréf, sem komið hafi fram á síðasta stigi málsins, hafi átt að liggja fyrir í upp-

hafi og því hafi eigi verið fyrir hendi grundvöllur til höfðunar málsins.

Stefndi hefur viðurkennt, að hann hafi fengið tilkynningu frá Landsbanka Íslands um vörusendingu þá, sem fjallað er um í málinu. Þá kveður stefndi það ekki ósennilegt, að hann hafi einnig verið búinn að fá frá bankanum ítrekun á innheimtutilkynningu, áður en vörusendingin brann. Samkvæmt þessu verður að leggja til grundvallar, að vörusendingin hafi verið til reiðu fyrir stefnda gegn greiðslu kröfunnar í bankanum, er hún brann. Það er ósann- að, að stefndi hafi boðið fram greiðslu. Var hættan á því, að vörusendingin færist, því komin yfir á stefnda samkvæmt 1. mgr. 17. gr., sbr. 10. gr. laga nr. 39/1922, er hún fórst í brunanum. Stefnanda var rétt að höfða mál þetta, þótt frumfarmbréf væri eigi lagt fram sem málsskjal, en af hálfu stefnanda var lagt fram brunavottorð, sem H/f Eimskipafélag Íslands hafði látið stefnanda í té gegn öðru eintaki af frumfarmbréfinu. Var og réttarsamband aðilja innbyrðis óháð því, hvort stefndi fengi vörusendinguna bættu hjá tryggingafélagi sínu. Samkvæmt þessu á stefnandi rétt á að heimta andvirði vörusendingarinnar úr hendi stefnda, án þess að það sé bundið við gengi á tjondegi, ásamt kostnaði við hana samkvæmt framlögðum vörureikningi, sem eigi hefur sætt andmælum.

Samkvæmt þessu verður stefndi dæmdur til að greiða stefnanda \$ 1.500.34 með vöxtum, sem ákveðast 7% ársvextir frá dagsetningu vörureiknings 20. marz 1967. Þá verður stefndi og dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað, sem ákveðst kr. 23.000.00.

Guðmundur Jónsson borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt Eggert Kristjánssyni, löggiltum endurskoðanda, og Jóni Norðmann verzlunarmanni.

Dómsorð:

Stefndi, Ólafur Björnsson f. h. firmans Skóvals, greiði stefnanda, Magnúsi Thorlacius hæstaréttarlögmanni f. h. firmans Chaussures Clerget, \$ 1.500.34 með 7% ársvöxtum frá 20. marz 1967 til greiðsludags og kr. 23.000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Fjárnámsgerð fógetadóms Reykjavíkur 6. desember 1971.

Ár 1971, mánudaginn 6. desember, var fógetaréttur Reykjavíkur settur að Laugavegi 103, 4. hæð, og haldinn þar af Hauki Davíðssyni með undirrituðum vottum.

Fyrir var tekið: Málið A 2230/1971: Magnús Thorlacius hæstaréttarlögmaður f. h. Chaussures Clerget gegn Ólafi Björnssyni f. h. firmans Skóvals.

Fógeti leggur fram nr. 1 gerðarbeiðni, nr. 2 dóm sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur nr. 73/1970, svohljóðandi:

Fyrir gerðarbeiðanda mætir Jóhann Steinason hæstaréttarlögmaður og krefst fjárnáms fyrir \$ 1.500.34 með 7% ársvöxtum frá 20. marz 1967 til greiðsludags, kr. 23.305 í málskostnað samkvæmt gjaldskrá L. M. F. Í., kostnaði við gerðina og eftirfarandi uppboð/innheimtuaðgerðir, allt á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Gerðarþoli starfar hér, er mættur. Áminntur um sannsögli kveðst hann ekki geta greitt.

Samkvæmt kröfu umboðsmanns gerðarbeiðanda og ábendingu mætta lýsti fógeti yfir fjárnámi í eignarhluta gerðarþola í húseigninni nr. 62 við Flókagötu, 2. hæð.

Fallið var frá virðingu. Fógeti skýrði þýðingu gerðarinnar. Upplesið, játað rétt bókað. Gerðinni lokið.

Mánudaginn 19. marz 1973.

Nr. 47/1972: **Leifur Eiríksson**

(Hrafnkell Ásgeirsson hrl.)

gegn

Fjármálaráhera f. h. rikissjóðs

(Sigurður Ólason hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Skattamál. Tekjuskattur. Synjað lögtaks. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

William Tomas Möller, fulltrúi bæjarfógetans í Kópavogi, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 7. apríl 1972. Krefst hann sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.